




List fyrir alla

SVAKALEGAR SÖGUR!



EVA RÚN & BLÆR



EVA RÚN ÞORGEIRSDÓTTIR

- 15 skáldsögur fyrir börn
- Handrit að sjónvarpsefni fyrir börn.
- Ísl. hljóðbókaverðlaunin 2022.
- Eddan, barna og unglingaefni 2021.

BLÆR GUÐMUNDSDÓTTIR

- Myndhöfundur að ótal barnabókum
- 1 útgefin bók
- FÍT-verðlaunin 2020 fyrir myndlýsingu.
- Tilnefning til Barnabókaverðlauna Reykjavíkurborgar, 2020, 2022.




SVAKALEGA SÖGUSMIÐJAN!

- Klúbbur í **Borgarbókasafninu**.
- Börnin **skrifa og teikna sögur**.
- Gerum 90 bls **tímarit** með efni eftir börnin - 2 blöð komin út.
- Ferðumst með smiðjur **út á land**.

Svakalega sögusmiðjan er staðsett í Borgarbókasafninu í Grófinni og Spönginni. Krakkar koma í smiðju aðra hverja viku yfir allan veturinn, alls 7 sinnum á önn. FRÍTT í smiðjurnar, en þarf að skrá sig.

Höfum haldið stakar smiðjur í bókasöfnum úti á landi og á barnamenningarhátíðum s.s. Skúnaskralli, BRASIð á Austfjörðum, Skagafirði, Mosfellsbæ og Selfossi.

Svakalega sögusmiðjan var styrkt af **Barnamenningarsjóði 2022 og 2024** og **Bókasafnasjóði 2023** og hlaut **Vorvindaverðlaun IBBY 2023** fyrir framlag til barnamenningar.



Áherslan er að:

- læra að hugsa skapandi og grípa hugmyndirnar.
- það sé skemmtilegt að lesa bækur og búa til sögur.
- gera sköpunarverk barna sýnilegri.

UMSAGNIR ÞÁTTTAKENDA

„Þar fæ ég að láta ímyndunarafið mitt fjúga,“ sagði sonur minn um daginn þegar ég spurði hann hvað honum finndist best við sögu-smíðjuna. Hann var þá nýbúinn að spyrja mig ákafur hvort það yrði ekki öððörugglega annað námskeið á næstu önn!

Mig langaði að þið fengjuð að heyrja þetta, bæði eru fjölbreytt verkefni til þess fallin að koma krökkunum á flug og svo tekst ykkur á einstakan hátt að skapa svo fallegt og nærandi umhverfi fyrir þau. Hjartans þakkir fyrir metnaðinn og ástriðuna.

Móðir nemandi í Svakalegu sögusmiðjunni.

Takk sömuleiðis fyrir skemmtilega smíðju þið komuð svo sannarlega á framfæri smitandi áhuga og eftirvæntingu fyrir nýjum bókum :)

Jóhann Bjarnason, skólastjóri Grunnskólans austan Vatna

„Ég vildi að þetta námskeið væri í hverri viku“ heyrir ég frá stelpunni minni sem hefur farið á tvö námskeið hjá Svakalegu sögusmiðjunni. Þetta námskeið opnaði nýjan heim fyrir hana og áhuga á að lesa bækur. Hún er alltaf að fá fleiri hugmyndir um hvað hún ætti nú að skrifa um næst. Þetta er mikil breyting hjá henni því áður en hún fór á fyrsta námskeiðið reyndi hún alltaf að koma sér undan því að þurfa lesa heima fyrir skólann. Finn varla orð yfir það hversu frábært þetta námskeið er og hvað Blær og Eva eru einstakar og skemmtilegar. Þær finna leiðir til að koma öllu hugmyndafluginu niður á blað.

Móðir nemandi í Svakalegu sögusmiðjunni

Ég á tviburastelpur sem eru 11 ára gamlar. Önnur þeirra lærði að lesa 5 ára og hefur aldrei getað sofnað nema með bókina á nefinu og á hún auðvelt með námið í skólanum. En svo er hin systir hennar sem ég hef átt í mikilli baráttu við með að lesa heima eða gera heimavinnu og tók það að minnsta kosti um 3 klst bara að klára heimalestur eða nám þar sem hún dróst oft aftur úr. En haustið 2022 byrjaði hún hjá Blævi og Evu Rún í Svakalegu sögusmiðjunni og hafa þær verið með 3 námskeið síðan sem stelpan mín hefur mætt á og biður svo spennit eftir hverjum tíma.

En það sem er það allra besta við þetta er að hún elskar að fara á bókasafnið að velja sér bók til að lesa og spyr mig á hverjum degi hvort hún geti lesið fyrir mig eða hlustað á söguna sem hún var að skrifa þar sem hún stefnir á að vera rithöfundur í framtíðinni. Þessi ótrúlega bylting á telpu er eiginlega eins og draumur.


Blær og Eva Rún eru einstakar í því sem þær eru að gera og vildi ég óska að þetta gæti verið í boði inni í skólum þar sem fleiri gætu fengið að upplifa svona skemmtilega leið til að lesa og koma hugmyndum sínum niður á blað.

Móðir nemandi í Svakalegu sögusmiðjunni



List fyrir alla +

SVAKALEGAR SÖGUR!



= **Austurland, Reykjanes, Suðurland og Reykjavík**

38 skólar og yfir 3000 nemendur í sept. og okt. 2024

LIST FYRIR ALLA



Haustið 2024 fóru Eva Rún og Blær í heimsóknir í **38 skóla!** Verkefni **List fyrir alla** sendi okkur í ferðalagið um Ísland.



List fyrir alla

Hvað er það?

List fyrir alla sendir listafólk í heimsóknir í grunnskóla um land allt.

Markmiðið er að öll börn á Íslandi fái jöfn tækifæri til að njóta lista og menningar.



Við heimsóttum:
**AUSTURLAND
REYKJANES
SUÐURLAND
REYKJAVÍK**



Við heimsóttum
38 skóla

í haust.

Við keyrðum meira en
>2000 km

(það er mjög langt!)

Við hittum meira en
>3000

nemendur og kennara.

Við töluðum við krakka um:


- hvernig krakkar geta **hugsað skapandi** og **skrifað svakalegar sögur**.
- af hverju það er **mikilvægt** að hugsa skapandi og lesa bækur.
- hvernig hægt er að æfa sig í að **fá hugmyndir**.



**TAKK
LIST FYRIR ALLA!
OG TAKK ÖLL SEM
VIÐ HEIMSÓTTUM!**

Austurland

sept. 2024



Reykjanes

okt. 2024



Suðurland

okt. 2024





Reykjavík

okt. 2024



UMSAGNIR

SKÓLASTJÓRNENDA

Takk kærlega fyrir mjög svo skemmtilega heimsókn! Krakkarnir voru alveg í skjúnunum og hættu ekki að tala um Stínu Finu 😊

Kveðja,
Drífa Björt Ólafsdóttir
Leiðbeinandi

Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri

Kærar þakkir fyrir heimsóknina. Það var svo gaman að fá ykkur og allir ánægðir með þessa stund. Miðstigið ætlar að taka þátt í lestrarkeppninni og við ætlum að reyna að drífa fleiri með okkur.

Kær kveðja
Kolbrún Vilhjálmsdóttir
Deildarstjóri miðstigs
Grunnskólinn í Hveragerði
grunnskoli.hveragerdi.is
S: 483 0800



Kærar þakkir Blær og Eva Rún

Það var virkilega gaman að fá ykkur í heimsókn og þegar ég fór inn í 6. bekk í morgun voru allir á fullu að búa til sögur.

Vel gert hjá ykkur.
Bestu kveðjur og góða helgi.
Hilmar

Með bestu kveðju | Best regards

Hilmar Björgvinsson
Skólastjóri Stekkjaskóla
Netfang: hilmarb@stekkjaskoli.is
Sími: 480 1601 / 863 0922



Stekkjaskóli - [Heiðarstekkur 10 – 800 Selfoss](#) – Tel:
+354 480 1600 - www.stekkjaskoli.is

Takk kærlega fyrir okkur. Þetta var afar skemmtileg upplifun fyrir okkur öll. Þið voruð svo hressar og náðuð að fanga athygli nemenda mjög vel. Gangi ykkur vel.

Kær kveðja,

Jurgita Milleriené
Deildarstjóri yngra stigs Háaleitisskóla
420 3050

Takk fyrir frábærar hugmyndir.

Það voru allir mjög ánægðir með heimsóknina frá ykkur. Held þið hafið gefið kennurum margar hugmyndir, allavega mikið rætt á kennarastofunni



Bestu kveðjur,

Heba Friðriksdóttir

Aðstoðarskólastjóri Myllubakkaskóla

Gullpotturinn

Sverrir Norland og
Kristín Ragna Gunnarsdóttir,
rithöfundar heimsóttu einnig

19 skóla á Norðausturlandi
í september 2024

Þau hittu **1185** nemendur
í 4.- 6. bekk



SÖGUR

VERÐLAUNAHÁTÍÐ BARNANNA

Sendiherrar Sagna 2024

Kynnum **Sögur** fyrir börnum í heimsóknum okkar í skóla á vegum **List fyrir alla**

Meistarabúðir í sagnagerð 2022, 2023 og 2024 fyrir vinningshafa sem komumst áfram í sögusamkeppni **Sagna**

Námskeið fyrir kennara og annað starfsfólk skóla og frístundamiðstöðva 2023 og 2024

Til að virkja börn til að semja sögur, handrit eða lag fyrir **Sögur**

SVAKALEGAR SÖGUR!



+




Verðlaunahátíð barnanna

Námskeið fyrir grunnskólakennara, starfsfólk bókasafna og frístundamiðstöðva

Námskeiðið fjallar um hvernig hægt er að vinna með og virkja börn á aldrinum 6–12 ára til að semja sögur, handrit eða lag og texta.

Námskeiðið er tvö skipti,
6. og 8. nóvember klukkan 14:30
í 45 mínútur í senn og er þáttakendum að kostnaðarlausu.
Námskeiðið fer fram á netinu. **Leyfum börnum að sjá og upplifa hvað getur orðið úr hugmyndum þeirra!**

Leiðbeinendur
Gunnar Helgason, rithöfundur og leikari
Ingibjörg Ósp Óttarsdóttir, verkefnastjóri hjá Borgarbókasafninu
Blær Guðmundsdóttir, barnabókahöfundur og myndhöfundur
Eva Rún Þorgeirsdóttir, rithöfundur og verkefnastjóri.

Nánari upplýsingar: sogur.verkefnastjorn@gmail.com

2023


VERÐLAUNAHÁTÍÐ BARNANNA

Námskeið fyrir grunnskólakennara, starfsfólk bókasafna og frístundamiðstöðva

Námskeiðið fjallar um hvernig hægt er að vinna með og virkja börn á aldrinum í 3. – 7. bekk til að semja sögur, handrit eða lag og texta.

Námskeiðið fer fram **fimmtudaginn 19. september klukkan 14:30** í 45 mínútur og er þáttakendum að kostnaðarlausu.
Námskeiðið fer fram á Teams.

Þjódum börnum að sjá og upplifa hvað getur orðið úr hugmyndum þeirra!

Leiðbeinendur
Blær Guðmundsdóttir, barnabókahöfundur og myndhöfundur
Eva Rún Þorgeirsdóttir, rithöfundur og verkefnastjóri
Ingibjörg Ósp Óttarsdóttir, verkefnastjóri hjá Borgarbókasafninu.

2024

VIÐTAL VIÐ BRYNDÍSI - FRAMKVÆMDASTÝRU SAGNA

HVAÐ ERU SÖGUR

- VERÐLAUNAHÁTIÐ BARNANNA?

Eva Rún og Blær náðu í skottið á Bryndísi Guðjónsdóttur söngkonu, sem hefur alltaf mjög mikið að gera og spurðu hana spjörunum úr. Hún svaraði spurningunum á flugvelli eða hóteli ... allavega einhversstaðar í Þýskalandi!



HVAÐ HEITIR ÞÚ?
Bryndís Guðjónsdóttir

HVAÐ ERU SÖGUR?

Sögur er rísa stórt verkefni sem hefur það markmið að auka áhuga krakka á sögugerð í alls konar formi. Við viljum sýna krökkum hvað hugmyndir þeirra geta orðið flottar og verðlauna sjónvarpsþætti, bækur og fleira sem krökkum finnst hafa skarað fram úr í á síðasta ári.



FYRIR HVERN ERU SÖGUR?

Sögur eru fyrir öll börn í 3. – 7. bekk

HVERT ER ÞITT HLTVERK?

Ég er verkefnastjóri Sagna. Ég passa að allt sé vel skipulagt og gangi upp.

HVAÐ FINNST ÞÉR SKEMMTILEGAST VIÐ SÖGUR?

Vá! Það er svo margt! Mér finnst ótrúlega gaman að sjá leikritin verða til í Borgar-leikhúsinu, horfa á stuttmyndirnar á KrakkaRÚV, lesa allar sögurnar eftir krakkana og hlusta á nýju lögin sem verða til. Mér finnst einnig verðlaunahátiðin svoóó skemmtileg þar sem þetta allt kemur saman í eitt.



Börn í 3. – 7. bekk geta sent inn á hverju ári:

- SMÁSÖGUR
- HANDRIT AÐ STUTTMYND
- HANDRIT AÐ LEIKRITI
- LAG OG TEXTA

Pau sem komast áfram:

- fá söguna sína birta í bók
- fá að framleiða stuttmyndina
- fá að setja leikritið á svið
- fá söngvara/söngkonu til að syngja lagið sitt á verðlaunahátiðinni

Og svo er verðlaunahátiðin, sem sýnd er á RÚV!



Þar eru líka veitt verðlaun fyrir bækur, sjónvarpsþætti, heidursverðlaun og ýmislegt fleira sem krakkar hafa kosid um.

KÍKIÐ Á:
SOGUR.IS



HVAÐ GERIR ÞÚ ÞEGAR ÞÚ ERT EKKI Í ÞESSARI VINNU?


Ég er söngkona og söngkennari. Ég vinn stundum hjá **List fyrir alla** og í öðrum verkefnum og les stundum inn bækur hjá Hljóðbókasafni Íslands. Síðan er ég líka lærður markþjálfari þar sem ég hvet fólk til þess að elta drauma sína.

HVAÐ ERTU AÐ LESA NÚNA?

Þessa dagana er ég að lesa handrit eftir krakka og næst á dagskrá er bókinn *Ákvörðun Amöndu* sem er bók númer 3 í bókaflökknum *Vinkonur - strákamál*.

ÁTTU GÆLDYR?

Nei, því miður. Ég átti hund í 14 ár og hest í 18 ár. Ég mun klárlega fá mér gældyr aftur!



TAKK BRYNDÍSI!

... og takk Michal fyrir að teikna þessa finnu mynd af okkur.



SVAKALEGA

2024

LESTRARKEPPNI SKÓLANNA

Austurland 6. sept. - 6. okt.

Reykjanes 16. okt. - 16. nóv.

Suðurland 16. okt. - 16. nóv.

- Keppnin er á milli skólanna sem fengu **List fyrir alla** heimsókn.
- 3 keppnir - skipt í Austurland, Suðurland og Reykjanes.
- Keppnin endar á Degi íslenskrar tungu.
- Allir nemendur skólans mega taka þátt: 1.-10. bekkur.
- Það má lesa hvar sem er, í skólanum, heima, í strætó ...
- Það má lesa allskyns bókmenntir, t.d. teljast teiknimyndasögur, fræðibækur, tímarit, raðbækur, hljóðbækur og skólabækur með
- Hvaða skóli les flestar blaðsíður? (deilt með fjölda nemanda í skólanum.)
- Viðurkenningarskjal og bókaverðlaun fyrir skólann sem vinnur.
- Úrslit birt í Tímariti Svakalegu sögusmiðjunnar (og víðar) í desember. Skólarnir fá sent tímarit.



SVAKALEGA

LESTRARKEPPNI

REYKJANES!

SKÓLANNA

16. OKT. - 16. NÓV. 2024

HVAÐA SKÓLI LES FLESTAR BLAÐSÍÐUR?

STÓRU- VOGASKÓLI STAPASKÓLI AKURSKÓLI
 GERÐASKÓLI NJARÐVÍKURSKÓLI HEIÐARSKÓLI
 SANDGERÐISSKÓLI HOLTASKÓLI MYLLUBAKKASKÓLI

HVAÐ Á AÐ GERA?

LESA!!

Allir nemendur skólans lesa eins margar blaðsíður og þau geta á einum mánuði **16. október - 16. nóvember 2024**.


SKRÁ BLAÐSÍÐUFJÖLDA

Kennarar skrá lesnar blaðsíður og senda heildartölu.

HVERNIG VINNUM VIÐ?

Sá skóli sem les flestar blaðsíður (deilt með nemendafjölda) vinnur Lestrarkeppnina! Skólinn fær viðurkenningarskjal og bókaverðlaun og auðvitað titilinn

LANGBESTI LESTRARSKÓLI Á REYKJANESI!





SVAKALEGA 2024

LESTRARKEPPNI

SKÓLANNA

AUSTURLAND,
REYKJANES & SUÐURLAND

Svakalega lestrarkeppni skólanna er lestrarkeppni á milli skólanna sem við heimsóttum á vegum LIST FYRIR ALLA á Austurlandi, Reykjanesi og Suðurlandi. Sá skóli sem las FLESTAR BLAÐSÍÐUR Á HVERN NEMANDA YFIR EINN MÁNUÐ vann keppnina.



Skólarnir fengu allir plakat og skráningarblöð og svo var hafist handa við að lesa!

Allir nemendur skólans voru hvattir til að lesa og svo var heildarblaðsíðufjöldi deilt með öllum nemendum skólans.

Þannig að það skipti máli að sem flestir tækju þátt!

Reiknisdæmið leit því svona út:

$$\frac{\geq \text{heildarblaðsíðufjöldi}}{\frac{2}{3} \text{ heildarnemendafjöldi}} = \text{xxx bls. á MANN} \odot$$

$x+y=xy$



úrslitin:

Skólarnir sem unnu eru:

REYKJANES: Sandgerðisskóli

SUÐURLAND: Stekkjaskóli

AUSTURLAND: Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóli

Hér er tölurnar:



REYKJANES



Lesnar voru alls **539,457** blaðsíður á einum mánuði!

1. sæti: SANDGERÐISSKÓLI

- nemendur lásu að meðaltali **375** bls á nemanda.

2. sæti: HEIÐARSKÓLI

- nemendur lásu að meðaltali **329** bls á nemanda.

3. sæti: HÁALEITISSKÓLI, ÁSBRÚ

- nemendur lásu að meðaltali **307** bls á nemanda.

KLAPP!
TIL HAMINGJU!
TIL HAMINGJU!
TIL HAMINGJU!
KLAPP!
KLAPP!

Við viljum veikja sérstaka athygli á framúrskarandi árangri hjá:

6. bekk Sandgerðisskóla þar sem setti **MET** þar sem 30 nemendur lásu 39,422 bls = **1314** bls á nem.

6. bekk Háaleitisskóla þar sem 21 nemendur lásu 14,171 bls = **673** bls á nem.

2. bekk Háaleitisskóla þar sem 29 nemendur lásu 19,451 bls = **671** bls á nem.

5. bekk Gerðaskóla þar sem 28 nemendur lásu 18,277 bls = **653** bls á nem.



SUÐURLAND



Lesnar voru alls **262,318** blaðsíður á einum mánuði!

1. sæti: STEKKJASKÓLI

- nemendur lásu að meðaltali **316** bls á nemanda.

2. sæti: BARNASKÓLINN Á EYRARBAKKA OG STOKKSEYRI

- nemendur lásu að meðaltali **312** bls á nemanda.

3. sæti: GRUNNSKÓLINN Í ÞORLÁKSHÖFN

- nemendur lásu að meðaltali **173** bls á nemanda.

Við viljum veikja sérstaka athygli á framúrskarandi árangri hjá:

4. bekk Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri þar sem 11 nemendur lásu 8,375 bls = **761** bls á nem.

7. bekk Stekkjaskóla þar sem 44 nemendur lásu 23,946 bls = **544** bls á nem.

5. bekk Vallaskóla þar sem 43 nemendur lásu 22,885 bls = **532** bls á nem.



AUSTURLAND



Lesnar voru alls **75,505** blaðsíður á einum mánuði!

1. sæti: BREIÐDALDALS- OG STÖÐVARFJARÐARSKÓLI

- nemendur lásu að meðaltali **282** bls á nemanda.

2. sæti: VOPNAFJARÐARSKÓLI

- nemendur lásu að meðaltali **233** bls á nemanda.

3. sæti: SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- nemendur lásu að meðaltali **201** bls á nemanda.

Við viljum veikja sérstaka athygli á framúrskarandi árangri hjá:

6.-7. bekkur Grunnskóla Þórshafnar þar sem 10 nemendur lásu 4,259 bls = **426** bls á nem.

7. bekk Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóla þar sem 3 nemendur lásu 1,145 bls = **382** bls á nem.

2. bekk Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóla þar sem 1 nemandi las **381** bls.



Vinnings-skólarnir fá viðurkenningu og skólinn sem lenti í 1. sæti fær bókaverðlaun.

Lesnar voru **877.280 bls.** á einum mánuði í 38 skólum.

Viðbrögðin voru mjög jákvæð og hvetjandi og nefndu margir að frábært væri að fá svona keppni og vonuðust til að keppnin yrði aftur haldin á næsta ári.

Sælar báðar

Þetta eru sannarlega óvænt en ánægjuleg gleðitíðindi. Krakkarnir voru spennir fyrir þessu verkefni og spurðu síðast í fyrradag hvort komin væri niðurstaða. Það hefur líka ómetanlegt gildi að fá heimsóknir frá höfundum. Þær vekja áhuga og ýta undir lestur. Vonandi heldur þetta verkefni áfram, - við verðum með.

Bestu kveðjur,
Anna Margrét
Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóla

Takk fyrir það og takk fyrir skemmtilegt framtak í lestri fyrir krakkana. Þau höfðu mjög gaman af og var keppnisskapið mikið hjá þeim.

Bestu kveðjur

Kennarar í Vallaskóla



Þessi tölvupóstur og/eða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem í

Góðan dag

Hér koma tölurnar okkar 😊

Takk fyrir skemmtilega keppni! Hlökkum til að sjá hvaða skóli vinnur, vonandi við 😊

Með góðri kveðju
Lilja Irena H. Guðnadóttir
Skólasafnskennari Stekkjaskóla



Stekkjaskóli - Heiðarstekkur 10 – 800 Selfoss – Tel: +354 480 1600 - www.stekkjaskoli.is

Sæl Blær

Við erum að taka þátt og lestraráhugi mikill þessa dagana 😊 Takk fyrir þetta skemmtilega framtak.

Bestu kveðjur,
Ólína Þorleifsdóttir
Skólastjóri
Grunnskólinn í Þorlákshöfn
Sími: 480-3850

Sælar

Hér er mikið lesið þessa dagana og eru nemendur í 1. - 6. bekk að standa sig mjög vel. Hef ekki fengið neinar formlegar tölur frá unglingastiginu hef bara frétt að það gangi þokkalega.

Kveðja
Hafdís Sigurjónsdóttir
Skólabókavörður
Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri
Sími 480-3223

Kærar þakkar fyrir þetta - gaman að taka þátt í því sem hvetur börnin okkar til að lesa meira.


Með kveðju,
Svava Lárusdóttir
Aðstoðarskólastjóri grunnskóladeild Seyðisfjarðarskóla



Múlaþing
(354) 4702323
svava.larusdottir@mulathing.is

Skólarnir í 1.-3. sæti fengu verðlaunaskírteini og Tímarit Svakalegu sögusmiðjunar.

Skólarnir þrír sem lentu í 1. sæti fengu auk þess veglega bókapakka að gjöf.



SVAKALEGA
LESTRARKEPPNI
SUÐURLAND! **SKÓLANNA** 2024


KLAPPI KLAPPI KLAPPI KLAPPI
1. SÆTI
hlýtur
TIL HÁMINGJU!

STECKJASKÓLI

Nemendur Stekkjaskóla lásu að meðaltali
316 blaðsíður á nemandi
á einum mánuði
og hefur Stekkjaskóli því hlotið titilinn
LANGBESTI LESTRARSKÓLI SUÐURLANDS
2024!

Fyrir hönd Svakalegu lestrarkeppni skólanna

Eva Rún Þorgeirsdóttir Elter Guðmundsdóttir



SVAKALEGA
LESTRARKEPPNI
AUSTURLAND! **SKÓLANNA** 2024

KLAPPI KLAPPI KLAPPI KLAPPI
1. SÆTI
hlýtur
TIL HÁMINGJU!

BREIÐDALDALS- OG
STÖÐVARFJARÐARSKÓLI

þar sem nemendur lásu að meðaltali
282 blaðsíður á nemandi á einum mánuði
og hefur Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóli því hlotið titilinn
LANGBESTI LESTRARSKÓLI AUSTURLANDS 2024!

Fyrir hönd Svakalegu lestrarkeppni skólanna

Eva Rún Þorgeirsdóttir Elter Guðmundsdóttir



SVAKALEGA
LESTRARKEPPNI
REYKJANES! **SKÓLANNA** 2024

KLAPPI KLAPPI KLAPPI KLAPPI
1. SÆTI
hlýtur
TIL HÁMINGJU!

SANDGERÐISSKÓLI

Nemendur Sandgerðisskóla lásu að meðaltali
375 blaðsíður á nemandi á einum mánuði
og 6. bekkur sattu **MEG ARSINS** þar sem
30 nemendur lásu **39,422** bls. - **1,314** bls. á nemandi!

Hefur Sandgerðisskóli því hlotið titilinn
LANGBESTI LESTRARSKÓLI REYKJANESS 2024!

Fyrir hönd Svakalegu lestrarkeppni skólanna

Eva Rún Þorgeirsdóttir Elter Guðmundsdóttir



Eva Rún, Valdis skólastjóri Sandgerðisskóla og Blær